

Steinunn Anna Hannesdóttir - Framboð til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna 2026



Steinunn Anna er fædd árið 1989 og hefur starfað hjá Landsbankanum með stuttum námshléum síðan 2011. Steinunn er í dag sérfræðingur á einstaklingssviði bankans og tilheyrir þar teyminu Viðskiptaþróun, en hefur áður unnið í áhættustýringu og sem þjónustufulltrúi í útibúi og þjónustuveri sama banka.

Steinunn hefur lokið BSc gráðu í Rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og meistaragráðu í Engineering Management frá Florida International Univeristy.

Steinunn Anna hefur einnig víðtæka reynslu af ýmsum félagsstörfum og hefur nánast öll sín fullorðinsár sinnt stjórnarhlutverkum þeim tengdum.

Steinunn hefur setið í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna síðan 2024 og hefur sem stjórnarmaður ástríðu fyrir því að gera rekstur og vöxt sjóðsins sem sjálfbærastan með hag ólíkra deilda að leiðarljósi. Fjöldi sjóðfélaga hefur greitt allan sinn skyldulífeyri inn í sjóðinn og eiga þeir mikið undir að vandað sé til verka í öllum ákvarðanatökum.